

♥ Súrefnismettunarmæling / SaO2 ♥

Með þessari rannsókn er súrefnismettun í blóði mæld án þess að taka þurfi blóðprufu. Lítil skynjari er festur á fingur, hendi eða tær barns. Þessi skynjari er með infrarauðu ljósi sem mælir blóðrauða í blóði og gefur upplýsingar um súrefnismettun í blóði og púlstíðni. Slik mæling tekur aðeins nokkrar mínútur og er algjörlega sársaukalaus. Engin undirbúningur er fyrir þessa rannsókn.

Vinsamlegast athugið

Sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum, svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli skal vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali - háskólasjúkrahús er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.



Rannsóknir á hjarta og æðakerfi

- ♥ Hjartaómskoðun
- ♥ Hjartalínurit / EKG
- ♥ Röntgenmynd af hjarta
- ♥ Súrefnismæling

Hægt er að hafa samband við
Barnspítala Hringsins
í síma 543-1000


Höfundur:
Bára Sigurjónsdóttir
Sérfræðingur í hjúkrun langveikra og hjartveikra barna á LSH

Barnspítala Hringsins

Október 2006

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
BARNASVIÐ

HÖNNUN: GAGNASMÍÐJA/AV
LJÓSMYND: VIGFÚS BIRGISSON



Inngangur

Eftirfarandi upplýsingar eru um þær helstu hjartarannsóknir sem gerðar eru á börnum og eru þær ætlaðar fyrir foreldra og börn þeirra. Gerð er grein fyrir helstu hjartarannsóknnum og leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

- ♥ **Í hverju er rannsóknin fólgin og til hvers er hún gerð?**
- ♥ **Í hverju er undirbúningur fyrir rannsóknina fólgin?**
- ♥ **Hvernig er rannsóknin framkvæmd?**

♥ Hjartaómskoðun ♥

Hjartaómun er rannsókn sem felst í því að nota hljóðbylgjur til þess að skoða hjartað. Með hjartaómskoðun fást upplýsingar um byggingu hjartans og aðlægra æða og meta má samdráttargetu hjartavöðvans.

Undirbúningur og framkvæmd hjartaómskoðunar?

Við hjartaómskoðun liggur barnið vanalega á skoðunarbekk sem er staðsettur við hliðina á ómskoðunartæki. Rannsóknin er framkvæmd af lækni og foreldrar eru oftast viðstaddir. Foreldrar hafa það mikilvæga hlutverk að tryggja samvinnu barnsins, en hún er forsenda þess að framkvæma rannsókn. Hjartaómun er algjörlega sársaukalaus fyrir barnið og engin geislun

fylgir slíkri rannsókn. Alla jafna þarf engan sérstakan undirbúning fyrir hjartaómun en samvinna barnsins er mikilvæg. Í völdum tilvikum er ungum börnum slævandi lyf til þess að tryggja samvinnu á meðan á rannsókn fer fram. Þannig er hægt að gera góða skoðun á hjarta þess og fá skýrar myndir. Við hvetjum því foreldra til að vera hjá barninu meðan á rannsókninni stendur, því þannig fæst yfirleitt eins góð samvinna við barnið eins og hægt er. Hjartaómskoðun tekur oftast um 15 til 30 mínútur. Gel er sett á brjóstakassa barnsins og ómskoðunarhausinn settur þar á og færður til og frá eftir því sem við á. Myndirnar úr ómskoðunni eru teknar upp svo hægt sé að skoða þær aftur síðar.

Undirbúningur fyrir hjartaómun þegar barn fær slævandi lyf:

Barnið þarf að vera fastandi í 4 klst. fyrir rannsóknina. Lyf er venjulega gefið um munn eða í endaparm og náðið er fylgst með ástandi barnsins eftir lyfjagjöfina.

♥ Hjartalínurit / EKG ♥

Hjartalínurit er rannsókn á rafvirkni hjartans og sýnir á myndrænan hátt gerð hjartsláttar viðkomandi barns. Hjartalínurit gefur upplýsingar um hjartsláttinn og er mikilvægt við greiningu

hjartsláttartruflana og annarra hjartasjúkdóma.

Rannsóknin er sársaukalaus fyrir barnið og mjög fljótlegt er að taka hjartalínurit, að jafnaði um 10 mínútur.

Framkvæmd og undirbúningur:

Settir eru 6 gelplástar með þar til gerðri festingu á brjóstakassa barnsins og síðan einn plástur á hvern útlím.

Við þessa plástra eru festar leiðslur sem tengjast í hjartaritstæki og þannig fæst útprentun á rafvirkni hjartans.

Engan sérstakan undirbúning þarf fyrir þessa rannsókn. Samvinna við barnið er þó nauðsynleg því barnið þarf að vera eins **hreyfingarlaust** og hægt er á meðan hjartalínurit er tekið.

♥ Röntgenmynd af brjóstakassa ♥

Er röntgenrannsókn af hjarta og lungum, er gefur upplýsingar um stærð hjartans og ástand lungna.

Undirbúningur og framkvæmd:

Engan sérstakan undirbúning þarf fyrir þessa myndatöku, en samvinnu er þörf þar sem hreyfingar barnsins valda myndtruflunum.

Aðeins tekur fáeinir mínútur að taka nokkrar röntgenmyndir.